

204. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 14. ÁGÚST 2013

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning, fundargerð síðasta fundar
2. Kirkjuþing
 - a) Gerðir kirkjuþings unga fólksins 2013
 - b) Reglulegt kirkjuþing 2013
 - Utanríkismál og skipulag þeirra - tillögur að starfsreglum um samkirkjunefnd
 - Tillaga að þingsályktun um miðaldadómkirkju í Skálholti
 - Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd (kostnaður)
 - Tillaga að endurskoðaðri fræðslustefnu kirkjunnar
3. Strandarkirkja
 - a) Hugmyndir að nýtingu jarða Strandarkirkju
4. Fasteignir
 - a) Hraungerði – beiðni Flóahrepps um kaup á lóð úr landi Hraungerðis
 - b) Mosfell í Grímsnesi
5. Fjármál
 - c) Ársreikningur Kynningar- fræðslu- og útgáfusjóðs 2012
 - d) Fundargerð fjármálahóps
 - e) Auglýsingar sóknarprestsembætta í Staðastaðarprestakalli og Möðruvallaprestakalli og prestsembætti í Grafarvogsprestakalli
 - f) Gjaldtaka sókna
 - g) Beiðni ÆSKP um fjárstyrk vegna landsmóts 2013
 - h) Tillaga að reglum um greiðslu ferðakostnaðar erlendis
 - i) Beiðni um fjárstyrk til kirkjulistahátíðar í Hallgrímskirkju
6. Leikmannastefna
 - Beiðni um breytingu á starfsreglum um leikmannastefnu vegna ferðakostnaðar

frh.

7. Önnur mál

- a) Almennatengsla- og upplýsingamál þjóðkirkjunnar
- b) Siðfræðistofnun – endurnýjun samstarfssamnings
- c) Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan, kosning eins fulltrúa í stjórn
- d) Skipan fimm fulltrúa í fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar
- e) Sameining prestakalla á höfuðborgarsvæðinu
- f) Staða sérþjónustunnar
- g) Fundargerð lagahóps
- h) Minning Hallgríms Pétursson
- i) Erindi frá Digranessókn
- j) Tónskóli þjóðkirkjunnar
- k) Bakkatún, Bíldudal
- l) Starfsskýrslur presta
- m) Prestsþjónustan í Skagastrandar- og Hofsósprestaköllum
- n) Sumartónleikar í Skálholti
- o) Beiðni framkvæmdastjóra kirkjuráðs um launalaust leyfi

1. FUNDARSETNING, FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á biskupsstofu 14. ágúst kl. 9. Mætt voru Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari sem jafnframt ritaði fundargerð. Fundurinn hófst á ritningarlestri og bæn.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. KIRKJUÞING

a) Gerðir kirkjuþings unga fólksins 2013.

Fimm mál voru afgreidd á kirkjuþingi unga fólksins, sem eru eftirfarandi:

Ályktun um breytingar á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins.

Ályktun um kjör ungmenna til setu á hinu almenna kirkjuþingi.

Ályktun um réttindi ungleiðtoga.

Ályktun um stöðu þjóðkirkjunnar í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs.

Ályktun um launataxta leiðtoga í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að vísa ályktunum kirkjuþings unga fólksins 2013 til kirkjustarfshópsins.

b) Reglulegt kirkjuþing 2013.

- Utanríkismál og skipulag þeirra – tillögur að starfsreglum um samkirkjunefnd.

Séra Gunnlaugur Stefánsson lagði fram drög að nýjum starfsreglum fyrir samkirkjunefnd.

Fyrirspurn frá formanni samkirkjunefndar séra Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur var lögð fram til kynningar. Fjármálastjóri lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun yfirstandandi árs fyrir samkirkjunefnd.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til lagahóps kirkjuráðs til nánari umfjöllunar.

- Tillaga til þingsályktunar um gerð tilgátuhúss í formi miðaldadómkirkju í Skálholti.

Tillagan fjallar um að kirkjuþing feli kirkjuráði að ganga til samninga um byggingu tilgátuhúss í formi miðaldadómkirkju í Skálholti og gerð skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnun sem fari með eignarhald miðaldadómkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að leggja tillöguna fyrir kirkjuþing 2013 og felur Ásbirni Jónssyni að flytja málið á kirkjuþingi.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdarstjóra að vinna minnisblað um verkefnið og taka saman gögn til að kynna kirkjuþingsfulltrúum.

- *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd (kostnaður)*

Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópi kirkjuráðs að undirbúa tillögur til þingsályktunar um niðurlagningu úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar.

- *Tillaga að endurskoðaðri fræðslustefnu kirkjunnar.*

Á liðnu vori var, að beiðni biskups, haldið fræðsluþing þar sem þátt tóku fulltrúar frá öllum prófastsdæmum landsins auk starfsfólks á biskupsstofu. Fræðsluþingið stóð í tvo daga og var unnið að endurskoðun fræðslustefnu þjóðkirkjunnar, sem kirkjuþing 2004 samþykkti.

Kirkjuráð samþykkti tillöguna. Biskup mun leggja fram tillögu að endurskoðaðri fræðslustefnu á kirkjuþingi 2013.

3. STRANDARKIRKJA

a) *Hugmyndir að nýtingu jarða Strandarkirkju.*

Lögð var fram til umræðu, greinargerð og tillögur Strandarkirkjunefndar um meginmarkmið kirkjuyfirvalda um nýtingu jarða Strandarkirkju í Ölfusi.

Kirkjuráð er hlynnt framangreindum hugmyndum en taldi rétt að óska eftir kostnaðaráætlun vegna þeirra framkvæmda sem tillögurnar fela í sér.

4. FASTEIGNIR

a) *Hraungerði – beiðni Flóahrepps um kaup á lóð úr landi Hraungerðis.*

Bréf frá sveitastjóra Flóahrepps frá 12. júní 2013 lagt fram til kynningar. Þar óskar sveitarfélagið eftir viðræðum um hugsanleg kaup á lóðum í landi Hraungerðis sem sveitarfélagið hefur á leigu.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdarstjóra að hefja viðræður við forsvarsmenn sveitarfélagsins.

b) *Mosfell í Grímsnesi.*

Hluti prestssetursjarðarinnar á Mosfelli í Grímsnesi er leigður Skógrækt ríkisins. Um langtíma samning er að ræða. Skógræktin hefur líst áhuga á kaupum á leigulandinu. Framkvæmdarstjóri kynnti stöðu mála og verður málið áfram til umfjöllunar.

5. FJÁRMÁL

a) *Ársreikningur Kynningar- fræðslu- og útgáfusjóðs 2012 var lagður fram til samþykktar.*

Kirkjuráð áritaði ársreikninginn.

b) Fundargerð fjármálahóps lögð fram til kynningar.

- *Hólssókn.* Fjármálastjóri kynnti bréf kirkjuráðs frá árinu 2006 þar sem fram kemur samþykkt þáverandi kirkjuráðs um að veita sókninni styrk á móti peningaframlagi sem sókninni tækist að afla frá öðrum aðilum til að ljúka viðgerð á sóknarkirkju Hólssóknar í Bolungavík, samkvæmt framlagðri kostnaðaráætlun sóknarnefndar.

Kirkjuráð samþykkti að málið verði tekið fyrir á úthlutunarfundi í desember 2013.

- *Hraungerðissókn.* Fjármálastjóri kynnti málið. Samkvæmt arfleiðsluskrá Stefaníu Ólafsdóttur frá 1960 var biskupsstofu falið að annast um íbúð sem hún átti og ráðstafa leigutekjum sem kynnu að verða umfram rekstrarkostnað með tilteknum hætti. Er um að ræða umhirðu og viðhald legstaðar Stefaníu og ættmenna í Hraungerðiskirkjugarði. Jafnframt er heimilt á tíu ára fresti að veita styrk til að prýða Hraungerðiskirkjugarð eða kirkju, hvort þykir meiri þörf hverju sinni. Íbúð þessi er leigð út á almennum markaði og hefur myndast hagnaður af leigutekjum undanfarin ár.

Kirkjuráð samþykkti, að tillögu fjármálahóps kirkjuráðs, og í samræmi við framangreinda arfleiðsluskrá, að veita vilyrði fyrir styrk árið 2014 að fjárhæð 2,5 m.kr. úr kirkjumálasjóði, en málið verður endanlega afgreitt á úthlutunarfundi í desember 2013.

- *Ferðapjónusta í Skálholti.* Fjármálastjóri lagði fram lauslegt yfirlit um afkomu ferðapjónustu í Skálholti byggt á ársreikningum 2006-2011.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdarstjóra og fjármálastjóra að vinna tillögur að því að reksturinn í Skálholti verði leigður út, þar sem ákveðin tímabil eru ætluð fyrir kirkjuleg námskeið og ráðstefnur.

- *Fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju.* Fjármálastjóri kynnti stöðu mála.

Biskup upplýsti að framundan væru viðræður við fjármála- og efnahagsráðherra um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju.

c) Auglýsingar sóknarprestsembættis í Möðruvallaklaustursprestakalli og Staðastaðarprestakalli og prestsembættis í Grafarvogsprestakalli.

Lagt var fram til kynningar bréf frá formanni sóknarnefndar Möðruvallaklausturssóknar til biskups Íslands þar sem þess er farið á leit að frestað verði auglýsingu á embættinu þar til í lok kirkjuþings 2013.

Kirkjuráð samþykkti að bíða með að auglýsa embætti sóknarprests á Möðruvöllum þar til í kjölfar kirkjuþings 2013. Fyrri ákvörðun kirkjuráðs um auglýsingu sóknarprestsembættis í Staðastaðarprestakalli stendur, þar sem ákveðið er að auglýsa embættið með héraðsprestsskyldum frá 1. desember 2013. Kirkjuráð samþykkti að fresta á ný að auglýsa prestsembætti í Grafarvogsprestakalli fram yfir kirkjuþing 2013.

d) Gjaldtaka sókna.

Bréf frá Innanríkisráðuneytinu til biskupsstofu frá 11. júní 2013 og svar framkvæmdastjóra kirkjuráðs til Innanríkisráðuneytisins frá 11. júlí voru lögð fram til kynningar. Í bréfi Innanríkisráðuneytisins kemur m.a. fram að ráðuneytið telji að þjónustugjöld vegna þjónustu sókna, til dæmis vegna kirkjuvörslu við útfarir, verði að eiga sér lagastoð. Meðan að svo sé ekki sé gjaldtakan óheimil. Í framangreindu svarbréfi til ráðuneytisins er list þeim skilningi að þjóðkirkjan sé sjálfstætt trúfélag sbr. m.a. 1. og 2. grein þjóðkirkjulaga nr. 78/1997. Í 49. grein laganna segir að kirkjusókn sé sjálfstæð fjárhagsleg og félagsleg eining. Sóknir kirkjunnar eru því frjáls félög og þurfi almennt ekki að sækja heimildir til ríkisvaldsins um starf sitt og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu, sem hverjum sem er, er í sjálfsvald sett að óska eftir og gjalda fyrir uppsett verð. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að skrifa bréf til sóknarnefnda þar sem fram komi að kirkjuráð álíti að sóknum sé í sjálfsvald sett hvort innheimt séu sérstök þjónustugjöld vegna þjónustu sókna vegna kirkjuvörslu eða annarrar þjónustu.

e) Beiðni ÆSKP um fjárstyrk vegna landsmóts 2013.

Kirkjuráð samþykkti að málið verði tekið fyrir á úthlutunarfundi í desember 2013.

f) Tillaga að reglum um greiðslu ferðakostnaðar erlendis lögð fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti reglurnar og taka þær gildi frá 1. september 2013.

g) Beiðni um fjárstyrk til kirkjulistahátíðar í Hallgrímskirkju lögð fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að málið verði tekið fyrir á úthlutunarfundi í desember 2013.

6. LEIKMANNASTEFNA

Beiðni um breytingu á starfsreglum um leikmannastefnu vegna ferðakostnaðar.

Bréf frá formanni leikmannaráðs frá 1. ágúst 2013 lagt fram til kynningar þar sem óskað er eftir því að starfsreglum um leikmannastefnu verði breytt á þann veg að ferðakostnaður leikmanna á leikmannastefnu verði greiddur úr kirkjumálasjóði í stað héraðssjóða. Kirkjuráð taldi sig ekki geta orðið við málaleitan þessari.

7. ÖNNUR MÁL

a) Almannaatengsla- og upplýsingamál þjóðkirkjunnar.

Biskup mun á næsta kirkjuráðsfundi kynna drög að verkefnaskipan á sviði almannaatengsla og upplýsingamála á Biskupsstofu.

b) Siðfræðistofnun – endurnýjun samstarfssamnings.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdarstjóra og fjármálastjóra að vinna drög að nýjum samstarfssamningi sem lagður verður fyrir kirkjuráð.

c) Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan, kosning eins fulltrúa í stjórn.

Kirkjuráð samþykkti að skipa Sigríði Dögg Geirsdóttur, fjármálastjóra, í stjórnina.

d) Skipan fimm fulltrúa í fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar.

Málinu frestað til næsta fundar.

e) Sameining prestakalla á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir fundinum lá skýrsla nefndar kirkjuþings um framtíðarskipan sóknar, prestakalla og prófastsdæma á suðvesturhorninu frá 2012. Önnur nefnd var skipuð af kirkjuþingi 2012 um 8. mál kirkjuþings 2012 sem fjallar um skipan prestsþjónustunnar í landinu, en hún hefur málið einnig til umfjöllunar. Málið er því til umfjöllunar hjá stofnunum kirkjunnar.

f) Staða sérþjónustunnar og tengsl sérþjónustuprestanna við einstaka söfnuði.

Biskup mun vinna málið áfram.

g) Fundargerð lagahóps

- Tillaga til kirkjuþings um niðurlagningu Hríseyjarprestakalls.

Tillagan fjallar um að Hríseyjarprestakall verði lagt niður frá og með 30. nóvember 2013 og að sóknir prestakallsins muni tilheyra Möðruvallaklaustursprestakalli eftirleiðis.

Vígslubiskup í Skálholti hefur að beiðni biskups Íslands málið á sinni könnu. Biskup mun fela vígslubiskupi í Skálholti að kynna sóknarpresti í Hrísey stöðu málsins.

Kirkjuráð samþykkti að fresta afgreiðslu tillögunnar til næsta kirkjuráðsfundar.

h) Minning Hallgríms Péturssonar.

- Bréf frá sóknarprestinum í Saurbæ frá 12. júní 2012 lagt fram til kynningar.

i) Beiðni frá Digranessókn um samþykki kirkjuráðs á skilmálabreytingu á skuldabréfi

Lögð var fram beiðni frá Digranessókn um samþykki kirkjuráðs á skilmálabreytingu á skuldabréfi sem Jöfnunarsjóður sókna er í ábyrgð fyrir. Skilmálabreytingin felst í lengingu á lánstíma um tíu ár.

Kirkjuráð samþykkti beiðni sóknarinnar.

j) Tónskóli þjóðkirkjunnar.

Stjórn og varastjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar hafa sagt af sér.

Kirkjuráð samþykkti að skipa bráðabirgðastjórn til vorsins 2014. Auk hefðbundinna stjórnarstarfa fær hún það hlutverk að hrinda í framkvæmd tillögum starfshóps um

tónlistarmál sem kirkjuráð skipaði og skilaði af sér í apríl 2012. Kirkjuráð stefnir að því að tónlistarstjóri kirkjunnar verði ráðinn frá 1. júní 2014.

k) Bakkatún, Bíldudal.

Séra Gísli Gunnarsson spurðist fyrir um útleigu á fasteigninni Bakkatúni, Bíldudal. Fasteignin var áður prestssetur, en er nú aflagt sem slíkt. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála, en fyrirhugað er að leigja fasteignina út.

l) Starfsskýrslur presta.

Séra Gísli Gunnarsson spurði um stöðu mála varðandi endurskoðun á starfsskýrslum presta. Upplýst var að málið væri til vinnslu á biskupsstofu og stefnt að því að endurskoðað skýrsluform verði tekið upp frá næstu áramótum.

m) Prestspjónusta í Skagastrandar- og Hofsóssprestaköllum.

Séra Gísli Gunnarsson spurðist fyrir um fyrirhugaðar breytingar á prestspjónustu í Skagastrandar- og Hofsóssprestaköllum. Biskup greindi frá fyrirkomulagi afleysingarpjónustu í Skagastrandar- og Hofsóssprestaköllum á komandi vetri.

n) Sumartónleikar í Skálholti.

Bréf frá velunnurum Sumartónleika í Skálholti lagt fram til kynningar, þess efnis að þjóðkirkjan haldi áfram fjárstuðningi við Sumartónleikana. Biskup gerði grein fyrir viðræðum sínum við velunnara Sumartónleikanna.

o) Beiðni framkvæmdastjóra kirkjuráðs um launalaust leyfi frá störfum.

Kirkjuráð samþykkti að veita framkvæmdastjóra kirkjuráðs leyfi frá störfum sínum í allt að eitt ár. Lögfræðingur á fasteignasviði hefur sagt starfi sínu lausu og verður ekki ráðið í hans stað að svo stöddu. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs mun sinna þeim störfum í allt að eitt ár. Staðgengill framkvæmdastjóra kirkjuráðs, fjármálastjóri biskupsstofu, leysir framkvæmdastjóra af í leyfinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:40

Næstu kirkjuráðsfundir verða haldnir 11. september, 9. október, 13. nóvember og 11. desember.

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands